



Hörgársveit

# Fréttabréf

29. janúar 2021 12. árgangur 1. tölublað

## ***Vinna hafin við gerð umhverfisstefnu Hörgársveitar***

*Á fundi sveitarstjórnar í október 2019 var skipulags- og umhverfisnefnd falið að vinna umhverfisstefnu sveitarfélagsins.*

*Vinna fór rólega af stað 2020 og í lok árs samþykkti sveitarstjórn á ráða Sif Jóhannesdóttur sem verkefnisstjóra við gerð stefnunnar. Hún mun starfa með skipulags- og umhverfisnefnd, hafa umsjón með íbúasamráði og sinna öðru því sem lýtur að gerð stefnunnar.*

*Í stefnunni mun birtast framtíðarsýn sveitarfélagsins í umhverfismálum. Meðal viðfangsefna stefnunnar verða loftslagsmál, sorpmál og landnýting. Við gerð stefnunnar verður höfð hliðsjón af þeirri stefnu sem birtist í nýlegu aðaskipulagi sveitarfélagsins, landskipulagsstefnu og öðrum þeim stefnum og lögum sem tengjast eða skarast við innihald umhverfisstefnu.*

*Leitað verður eftir viðhorfum og innleggi frá íbúum, með íbúafundi (eða fundum), könnun og drög að stefnunni verða birt á heimasíðu sveitarfélagsins.*

*Íbúar geta hvenær sem er í ferlinu sent inn athugasemdir eða ábendingar á netfangið horgarsveit@horgarsveit, merkt „umhverfisstefna“. Stefnt er að því að stefnan verði tilbúin í maí 2021.*

## Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fimmtudaginn 28. janúar 2021 kl.16:00 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar í húsnæði félagsmiðstöðvar í heimavist Belamerkurskóla.

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Jón Þór Benediktsson, Ásrún Árnadóttir, María Albína Tryggvadóttir og Jónas Þór Jónasson  
Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri.

Þetta gerðist:

### **1. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar frá 25.01.2021**

Fundargerðin lögð fram og þarfnast átta liðir afgreiðslu sveitarstjórnar.

#### **a) Í lið 2, Hjalteyri, deiliskipulag**

Sveitarstjórn samþykkti að gerðar verði eftirtaldar breytingar á deiliskipulagi Hjalteyrar: Einni einbýlishúsalóð verði bætt við austan við lóð sem í gildandi deiliskipulagi er auðkennd Búðagata 6 og vegamótum Búðagötu verði hliðrað þannig að þau verði milli Péturshúss og lóðar sem í gildandi deiliskipulagi er auðkennd Búðagata 2. Lóðirnar fjórar sem eru austan við hliðraða vegtengingu Búðagötu hljóti framvegis staðvísinn „Hjalteyrarbraut“ í stað „Búðagata“. Gert verði ráð fyrir göngustíg í framhaldi af Búðagötu sunnan við fyrrgreindar fjórar lóðir.

Byggingarreitum lóða sem standa gengt kaffihúsi verði staðsettir þannig að sjónarás frá kaffihúsi út á haf verði sambærilegur því sem ráðgert er í gildandi deiliskipulagi. Sveitarstjórn samþykkti að ofangreindar breytingar á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skiplagslaga nr. 123/2010 og að breytingarnar verði grenndarkynntar skv. 44. gr. sömu laga. Heimilt verði að stytta grenndarkynningatímabil skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og ef ekki berast andmæli á grenndarkynningartímabili teljist deiliskipulagsbreytingin samþykkt.

#### **b) Í lið 3, lóðir við Reynihlíð og Víðihlíð**

Sveitarstjórn samþykkti í samræmi við gr. 3.4 í reglum um lóðaúthlutanir að gerðir verði samningar við eftirtalda aðila um uppbyggingu eftirtaldrá lóða:

- a) Reynihlíð 17 og 19 við Bögg ehf. - Jón Örvar Eiríksson  
húasmíðameistara
- b) Reynihlíð 21 og 23 ásamt Víðihlíð 1 og 3 við Hamra byggingarfélag ehf - Helga Snorrason húasmíðameistara
- c) Víðihlíð 5 og 7 við A plús ehf - Reynir Örn Hannesson  
húasmíðameistara

Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri vék af fundi undir þessum lið.

#### **c) Í lið 4, Lónsbakki, deiliskipulag**

Sveitarstjórn samþykkti að gerð verði breyting á deiliskipulagi Lónsbakkahverfis á þann hátt að heimilt verði að byggja fimm íbúða raðhús allt að 620 fm á lóðunum Reynihlíð 17 og 19. Ennfremur verði heimilað að einnar hæðar raðhús rísi á lóðunum Reynihlíð 21 og 23 þar sem gert er ráð fyrir tveggja hæða raðhúsum í gildandi deiliskipulagi.

*Sveitarstjórn samþykkti að ofangreindar breytingar verði gerðar á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og að fallið verði frá grenndarkynningu á grundvelli 3. mgr. 44. gr. sömu laga.*

**d) Í lið 5, Lækjarvellir, deiliskipulag**

*Sveitarstjórn samþykkti að lóðir við Lækjarvelli 2 a og b verði auglýstar til úthlutunar.*

**e) Í lið 6, Engimýri, deiliskipulag**

*Sveitarstjórn samþykkti að vísa deiliskipulagstillögunni í lögformlegt auglýsingaferli skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**f) Í lið 7, Akureyrarbær ASK – Holtahverfi tillaga**

*Sveitarstjórn samþykkti að ekki verði gerð athugasemd við skipulagstillöguna.*

**g) Í lið 8, Akureyrarbær ASK – Oddeyri tillaga**

*Sveitarstjórn samþykkti að ekki verði gerð athugasemd við skipulagstillöguna.*

**h) Í lið 10, Ægisgarður Hjalteyri – umsókn um byggingarreit**

*Sveitarstjórn samþykkti að erindinu verði vísað í grenndarkynningu skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Heimilt verði að stytta tímabil grenndarkynningar skv. 3. mgr. sömu lagagreinar og að erindið teljist samþykkt ef ekki berast andmæli á grenndarkynningartímabili.*

**2. Fundargerð rekstrar- og framkvæmdanefndar frá 12.02.2021**

Fundargerðin lögð fram

**3. Fundargerðir stjórnar SSNE frá 19. og 20. fundi**

Fundargerðin lögð fram.

**4. Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 892. fundi**

Fundargerðin lögð fram.

**5. Fundargerðir stjórnar Norðurorku frá 253. og 254. fundi**

Fundargerðirnar lagðar fram.

**6. Fundargerð stjórnar Minjasafns frá 18. fundi**

Fundargerðin lögð fram ásamt fjárhagsáætlun 2021.

**7. Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 15. fundi**

Fundargerðin lögð fram.

**8. Stafrænt ráð sveitarfélaga**

Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur hafið undirbúning á stafrænni þróun sveitarfélaganna og er öllum sveitarfélögum gefinn kostur á þátttöku. Sveitarstjórn samþykkti að taka þátt í verkefninu og er hlutur Hörgársveitar á árinu 2021 kr. 285.483,-. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

## **9. Pelamerkurskóli, breyting á skóladagatali v. árshátíðar**

Lagt fram erindi frá skólustjóra Pelamerkurskóla varðandi breytingar á skóladagatali.

*Sveitarstjórn samþykkti þær breytingar á skóladagatali að árshátíð skólans verði færð frá 4. febrúar til 25. mars 2021.*

## **10. Breytingar á staðfangi**

Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir leiðréttingu á staðfangi úr Blómsturvellir lóð í Blómsturvellir og úr Hraukbær lóð í Hraukbær.

*Sveitarstjórn samþykkti þau staðföng sem óskað er eftir samkvæmt erindinum og að koma þeim upplýsingum til Þjóðskrár Íslands.*

## **11. Áskorun til sveitarfélaga v. grænkerafæðis**

Erindið lagt fram.

## **12. Fundargerð samráðsfundar minni sveitarfélaga frá 21.1.2021**

Fundargerðin lögð fram.

## **13. Samþykkt um gatnagerðargjald í þéttbýli í Hörgársveit**

Lögð fram drög að samþykkt fyrir gatnagerðargjald í þéttbýli í Hörgársveit.

*Sveitarstjórn staðfesti samþykktina og felur sveitarstjóra að annast gildistöku hennar.*

## **14. Lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga**

Í samræmi við fjárhagsáætlun 2021 liggur fyrir lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga um lán að upphæð kr. 30.000.000,-

*Sveitastjórn Hörgársveitar samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 30.000.000, til allt að 15 ára, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.*

## **15. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurl.eystra frá 20.01.2021**

Fundargerðin lögð fram

## **16. Pálmholt, umsókn vegna byggingareits**

Þórður Stefánsson sækir um samþykki sveitarstjórnar við byggingarreit fyrir um 300 fm skemmu á jörðinni Pálmholti L.nr. 152340. Erindinu fylgir uppdráttur frá Hákonu Jenssyni hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, dags. 27.01.2021

*Sveitarstjórn samþykkti erindið á grundvelli 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og að fallið skuli frá grenndarkynningu á grundvelli 3. mgr. sömu lagagreinar.*

## **17. Fundardagar sveitarstjórnar 2021**

Lagt fram yfirlit yfir fundardaga sveitarstjórnar 2021.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 18:40